



# Upplýsingar frá Blóðbankanum

---

[www.blodbankinn.is](http://www.blodbankinn.is), sími 543 5507

## Skráðar blóðinngjafir – tilkynning um aukaverkun

Undir flípanum **“Skráðar blóðinngjafir”** má sjá þá blóðhluta sem sjúklingnum hafa verið gefnir.

Þar er einnig hægt að tilkynna um aukaverkun.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þá blóðhluta sem hafa verið gefnir sjúklingi undir fyrirsögninni **“Blóðinngjafarsaga”**.

Í dálkinum **„Notist fyrir“** má sjá að blóðhlutarnir hafa verið gefnir. Einnig sést hvort inngjöfin hefur verið skráð af starfsfólki á sjúkradeild (“Gefið”), hvort aukaverkun hefur komið fram (“Gefið með aukaverkun”) eða hvort einingin hefur verið skráð á sjúklinginn vegna þess að engar upplýsingar hafa borist um hvort hún var gefin eða ekki (“Sennilega gefið”).

Athugasemdin “Sennilega gefið” skráist sjálfkrafa ef blóðhluti er tekinn frá í sjúkling og er ekki endursendur, seldur eða skráður ónýtur innan tveggja vikna.

Neðst á myndinni undir **“Frátökur”** sést hvort sjúklingur á tilbúinn (frátekin) blóðhluta sem ekki er búið að gefa.

Hægt er að velja tímabil blóðinngjafarsögu sem skoða á í gula reitnum efst á myndinni. Einnig er hægt að velja að skoða aðeins eina tegund blóðhluta í einu.



# Upplýsingar frá Blóðbankanum

www.blodbankinn.is, sími 543 5507

Upplýsingar um sjúkling	Svartextar	Samlestur með skanna	Skrá blóðinngjöf	Skráðar blóðinngjafir	Vefjaflokkun / Stofnfrumur
-------------------------	------------	----------------------	------------------	-----------------------	----------------------------

### Blóðinngjafarsaga

Rauðkornaþykki  Blóðflögupykki  Plasma  
gefið síðustu 99 vikur

Dags/tími	Blóðhluti	Númer	Samræmingarpróf	Notist fyrir	Tilkynnt af	Samlestur með skanna	Magn	Vegið magn
10.09.2015 11:53	RAUÐKORNAÞYKKNI	U0001 15 008846	E3846V00 BAS-próf	Gefið með aukaverkun	GUG			
07.07.2015 12:44	RAUÐKORNAÞYKKNI	U0001 15 006278	E3846V00 BAS-próf	Gefið	IGUDMUND			
07.07.2015 12:44	RAUÐKORNAÞYKKNI	U0001 15 006285	E3846V00 BAS-próf	Gefið	IGUDMUND			
22.05.2015 12:56	RAUÐKORNAÞYKKNI	U0001 15 004593	E3846V00 BAS-próf	Gefið	IGUDMUND			
22.05.2015 12:56	RAUÐKORNAÞYKKNI	U0001 15 004595	E3846V00 BAS-próf	Gefið	IGUDMUND			
30.03.2015 09:39	RAUÐKORNAÞYKKNI	U0001 15 002079	E3846V00 BAS-próf	Sennilega gefið				
30.03.2015 09:39	RAUÐKORNAÞYKKNI	U0001 15 002080	E3846V00 BAS-próf	Sennilega gefið				

### Frátökur

Pöntun	Frátekið	Viðtakandi(deild)	Blóðhluti	Fjöldi
	11.10.2015 01:31	SBS G2 BRÁÐAÐEILD Fv-G2	RAUÐKORNAÞYKKNI	2

**Blóðhluti/hlutar**  
U0001 15 009847 E E3846V00 staðsetning 'BLÓÐBANKINN' Sótt 11.10.2015 01:33  
U0001 15 009848 C E3846V00 staðsetning 'BLÓÐBANKINN' Sótt 11.10.2015 01:33

[< Velja annan sjúkling](#) [Logga út >](#)

**Það er afar mikilvægt að Blóðbankinn sé látinn vita ef einingum er fargað og ekki gefnar sjúklingi af einhverjum orsökum. Einingin er þá skráð sem ónýtt, fargað í tölvukerfi Blóðbankans og rekjanleikinn er réttur.**

### Aukaverkun:

Ef grunur er á aukaverkun vegna blóðinngjafar (við eða eftir blóðinngjöf) er hægt að skrá það með því að smella á takkann **"Tilkynna aukaverkun"** (sjá á myndinni hér að neðan). Sá takki er aðeins sýnilegur í vissan tíma eftir að blóðhluti er gefinn.



# Upplýsingar frá Blóðbankanum

www.blodbankinn.is, sími 543 5507

Upplýsingar um sjúkling	Svartextar	Samlestur með skanna	Skrá blóðinngjöf	Skráðar blóðinngjafir	Vefjaflokkun / Stofnfrumur
-------------------------	------------	----------------------	------------------	-----------------------	----------------------------

### Blóðinngjafarsaga


Rauðkornapykkni  Blóðflögupykkni  Plasma  
gefið síðustu 99 vikur

Dags/tími	Blóðhluti	Númer	Samræmingarpróf	Notist fyrir	Tilkynnt af	Samlestur með skanna	Magn	Vegið magn
14.10.2015 10:18	RAUÐKORNAÞYKKNI	U0001 15 010167	E3846V00	Bráðaútskrift.	Gefið	GUS		

### Frátökur

Pöntun	Frátekið	Viðtakandi(deild)	Blóðhluti	Fjöldi
Engir blóðhlutar eru fráteknir fyrir þennan einstakling				

< [Velja annan sjúkling](#) [Logga út](#) >



Við það opnast ný skráningarmynd sem birtir síðustu blóðinngjafir í sjúklinginn. Mikilvægt er að skrá stuttan, lýsandi og hnitmiðaðan texta um einkenni aukaverkunar í reitinn **"Upplýsingar"**.

### Skrá aukaverkun v. blóðinngjafir

Dags/Kl

Blóðhluti	Númer	Framleiðslunr.	Blóðinngjöf
<input checked="" type="checkbox"/> PLASMA	U0001 11 009711 3	E3855V00	09.01.2012 15:04
<input type="checkbox"/> PLASMA	U0001 11 008696 M	E3855V00	06.01.2012 16:41
<input type="checkbox"/> PLASMA	U0001 11 000809 G	E3855V00	06.01.2012 15:35
<input type="checkbox"/> PLASMA	U0001 11 008127 E	E3855V00	05.01.2012 14:37
<input type="checkbox"/> PLASMA	U0001 11 007896 M	E3855V00	05.01.2012 14:25

**Upplýsingar**

Upplýsingar frá deild

[Velja annan sjúkling](#) [Logga út](#)



# Upplýsingar frá Blóðbankanum

---

[www.blodbankinn.is](http://www.blodbankinn.is), sími 543 5507

Því næst er deild skráð með því að velja úr fellilista á bak við reitinn  
“**Upplýsingar frá deild**”.

Að lokum er skráningin send rafrænt til Blóðbankans með því að smella á  
takkann **Vista**.

## **Athugið!**

**Eftir þessa rafrænu skráningu þarf að senda sýni og beiðni til  
Blóðbankans skv. leiðbeiningum í handbók blóðbankans í kafla 30.14.  
Handbókin er aðgengileg á vef blóðbankans, [www.blodbankinn.is](http://www.blodbankinn.is).**

Aukaverkanir geta komið í ljós í beinu framhaldi af inngjöf blóðhluta eða  
nokkrum tímum eða dögum síðar.

Þær geta verið tengdar ónæmiskerfi líkamans eða komið til vegna annarra  
þátta.

- Ef grunur leikur á aukaverkunum við inngjöf blóðhluta skal strax hætta blóðgjöf, en halda æðinni opinni og kalla til lækni sjúklings.
  - Látið starfsmann á rannsókn Blóðbankans vita, sími 543 5507.
  - Dragið nýtt 4 ml EDTA sýni úr sjúklingnum og sendið til Blóðbankans með beiðni um aukaverkanir og atvik
  - Leiki grunur á gerlamengun í blóðhlutanum skal taka sýni úr sjúklingnum og blóðhlutanum, og senda í sýklaræktun.
- Gefið ekki fleiri blóðhluta nema eftir samráð við Blóðbanka.